

Listaháskólinn í Hong Kong. Með þessari nýju byggingu á að leggja grunn að blómlegu listalífi í borginni.

## Hong Kong að verða listaborg

Þótt Hong Kong sé tæpast talin meðal helztu borga menningar og lista í heiminum, hafa ýmis samtök og stofnanir með háleit markmið á þeim sviðum aðsetur þar í borg og þar eru haldnar alþjóðlegar listahátíðir, sem laða til sín mikinn fjölda gesta. En borgin hefur yfirleitt orðið að treysta á útlenda listamenn til að efla og glæða menningarlíf borgarinnar, þar sem aðstöðu til mennta í ýmsum greinum lista hefur verið ábótavant. En nú er svo komið, að Hong Kong getur státað af nýjum listaháskóla, sem gefur fyrirheit um blómlegt og frjótt menningarlíf þar í borg á komandi árum.

Listaháskólinn, The Academy for Performing Arts, hóf starfsemi sína í september 1985 og mun útskrifa árlega um 150 efnilega nemendur í dansi, leiklist, tónlist og fleiri greinum — og jafnframt verða vettvangur, þar sem listamönnum hvaðanæva úr heiminum á að gefast kostur á að koma fram. Listaháskólinn er samstæða margra bygginga samtengdra, sem eru margstrendar að lögun, á 5½ hektara lóð við höfnina. Byggingin kostaði nær 50 millj. dollara, og megnið af því fé var framlag The Royal Hong Kong Jockey Club, sem hlýtur að vera einhvers konar hestamannafélagskapur, en í tilfelli 100 ára afmælis síns vildi klúbbur þessi fjármagna eitthvert verkefni, sem um munaði. Í Listaháskólanum eru 10 salir fyrir dansæfingar, 12 hljóðeinangraðar kennslustofur fyrir hljóðfæraleik og 20 æfingasalir. Stærstur fjögurra áheyrendasala er „Lyric“, sem hefur stærra svið en Covent Garden í London og baksvið, sem að rými og tækni tekur fram flestum öðrum tónlistarsölum og leikhúsum.


En Hong Kong getur stært sig af fleiri menningarstofnunum en Listaháskólanum nýja. Þar eru tvær símfónihljómsveitir, þrjú flokkar listdansara að atvinnu og tvö leikfélög. Þá er einnig haldin listahátíð þar árlega, og stendur hún í mánuð. Aðsókn er að jafnaði mjög góð, og hátíðin skilar yfirleitt góðum arði. En ungt og áhugasamt fólk hefur að mjög takmörkuðu leyti átt kost á góðri menntun í listgreinum yfirleitt og hún verið allt of dýr fyrir flesta. „Það vantaði hlekk í menntakerfi okkar,“ segir Alex Wu, þingmaður í Hong Kong og iðnrekandi og formaður stjórnar Listaháskólans. „Áður var ekki nema um einkakennslu að ræða í þessum greinum, og það var aðeins vel efnad fólk, sem

hafði ráð á slíku. Efnilegir nemendur fóru utan og komu yfirleitt ekki aftur.“ Viðbrögðin við fréttinni um hinn nýja listaskóla voru frábær meðal væntanlegra nemenda sem og hjá yfirvöldunum. Skólanum bárust 1.764 umsóknir um 60 nemendapláss, sem auglýst voru fyrst. Um helmingur þeirra nemenda, sem hafa fengið inngöngu í skólann, kemur frá „fátækum“ fjölskyldum, og munu þeir nemendur fá styrk frá stjórnvöldum til að greiða skólagjöld, sem nema 705 dollurum, ca. 35.000 krónum, á ári. Að loknu fjögurra ára námi fá þeir, sem útskrifast úr skólanum, prófskrifteini, sem á að veita þeim réttindi til starfa í viðkomandi grein.

Listaháskólinn hefur laðað til sín kennara frá Bretlandi, Ástralíu og Japan meðal annars, en sinn hlut í aðráttarflinu á vafalaust nálægðin við Kína, sem er að opnast æ meir. Tom Brown, kennari skólans í nútímadansi, kom frá New York-háskóla og réð sig til tveggja ára. Hann vonast til að eiga samvinnu við dansflokka í Peking við uppfærslu ballettsins „Les Noces“ eftir Bronislava Nijinska. Hann er frá 1923, og hljómlistin eftir Igor Stravinsky. Stjórn skólans væntir þess, að innan tveggja ára, þegar skólinn verður fullskipaður með 600 nemendum, muni viðtæk samskipti vera komin á við meginlandið. Þrjú reyndir kennarar frá Listaháskólanum í Peking hafa þegar fallizt á að dvelja í Hong Kong í sex mánuði til að undirbúa kennslu í hefðbundnum kínverskum dönsnum. Búizt er við, að þessi tengsl við Kína muni gefa mikilvæga vísbendingu um, hversu mikið fylgi aukid frelsi í listrænum efnun hafi meðal valdamanna í Kína.

Aðstandendur Listaháskólans binda miklar vonir við hann. „Við stefnum að því að blanda saman á sérstæðan og heilbrigðan hátt kínverskum og vestrænum menningarstraumum,“ segir Basil Deane, rektor háskólans og til skamms tíma tónlistarstjóri hjá Britain's Art Council í London. „Við viljum, að Hong Kong verði listamiðstöð í þessum heimshluta sem og eins konar menningarsendirád í Kína.“ Næsta sumar verður haldin sérstök danshátíð á vegum Listaháskólans, og þangað verður boðið úrvalsnemendum frá Asíu, Bandaríkjunum, Evrópu og Ástralíu. Og stærsti áheyrendasalurinn verður vígður í febrúar nk., en þá mun Britain's Glyndebourne Opera flytja óperuna „Don Giovanni“ eftir Mozart. Er það fyrsta hljómléikarferð Glyndebourne utan Evrópu.

# Jartein um góða för



Elías B. Halldórsson.

I.  
„heitur seinnipartur —  
prófill skógarmannsins  
í ljósgeislans öskri  
við lónið,  
hlustandi jörð  
hlustandi veggir —  
þá sagði tröllid ...  
samsæri litanna  
í ríki fljótsins  
straumniður  
bládreymi  
eyja hinna rauðu  
leikhús guðanna  
ljóð í fæðingu —  
háflæði  
bláklukkan kallar:  
afmæli kóngurlóarinnar  
tónn dymbilvikunnar  
skeyti frá bach —  
ljóð í pöknum  
og spunavélin tafsar:  
blóðnætur.“

Bolli Gústavsson ræðir við  
Elías B. Halldórsson  
myndlistarmann  
á Sauðárkróki

Að gamni mínu raðaði ég þannig saman nokkrum heitum á myndum Elíasar B. Halldórssonar, sem héngu uppi á Kjarvalsstöðum frá 22. júní til 7. júlí síðastliðid sumar. Sýningarskráin bar það ótvírætt með sér, að Elías hefur gaman að orðum. Hann er sprottinn úr jarðvegi þar sem orð voru mikils metin, lifandi frásagnir og skáldskapur óhjálvæmlega nautn daglegs lífs. Elías er fæddur 2. desember 1930 á mörkum tveggja heima, álfheima og mannheima, að Snotrunesi í Borgarfirði eystra. Það bar eitt sinn við á aðfangadag jóla, að sauðamaður á þeim bæ fór í humátt á eftir húsmóður sinni niður til sjávar. Þar sá hann hana taka upp tvær silkislaður í fjörinni, kasta annarri niður, en breiða hina yfir höfuð sér og steypa sér í sjóinn. Sauðamaður var áráðinn og gjörði slíkt hið sama, tók silkislaðuna sem eftir lá og steypiti sér á eftir. Þjóðsagan hermír svo frá: „Þau líða lengi niður þangað til þau komu á grænar grundir. Skammt þaðan sér sauðamaður borg skrautlega. Þangað gengur Snotra (en það var nafn húsfreyjunnar); er þaðan að heyra gleði mikla og glaum. Snotra gengur í höll og er þar alsett mönnum á báða bekki og vistir miklar á borðum. Maður sat í háseti tígulega búinn og var dapur; til hægri handar var auður stóll. Allir fögnuðu Snotru og þó mest hásetismaður. Hann faðmar hana og setur í auða stólinn. Sauðamaður stóð í horni í skugga. Nú tekur öldin til snæðings og eru slátur svo feit á borðum að aldrei hafði sauðamaður slíkt séð. Hann læddist að og náði einu rífi og geymdi; hann náði og öðrum mat til snæðings. Eftir að menn höfðu matast var vín drukkið og dansað af mikilli gleði. Daginn eftir gekk allt fólk í kirkju. Ekki skildi sauðamaður þar eitt orð, en fagur þótti honum söngurinn. Þennan dag var og gleði mikil, en undir kvöldið urðu allir hljóðir því þá bjóst Snotra burtu. Þau hásetismaður kvóddust og hörmuðu mjög.

Nú fóru þau Snotra og sauðamaður sömu leið og fyrr gegnum sjóinn, líklega upp í móti, og í fjöruna fyrir neðan Nes.“

## II

Það er ekki að undra þótt sjórin hafi löngum sett sterkt mót á list Elíasar B. Halldórssonar.